

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2011

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

BHM mælist til þess að kannað verði hvort ekki sé ástæða til að útvíkka jafnréttishugtakið þannig að það taki einnig til minnihlutahópa. BHM telur ólíklegt að hagsmunabaráttu kynjajafnréttis bíði skaða af því þó tillit verði tekið til fjölbættrar mismununar.


BHM styður áætlanir um samþættingu kynjasjónarmiða inn í öll verkefni og allar áætlanir á vegum hins opinbera. BHM hvetur til þess að kyngreining í skráningu gagna verði eflð þannig að betur verði unnt að greina þau áhrif á kyn og ólíka hópa sem utanaðkomandi atburðir eða meðvitaðar aðgerðir hafi,

BHM hefur átt samvinnu við fjármálaráðuneytið um upplýsingagjöf og tölfræði um launakjör ríkisstarfsmanna. Með samstilltu átaki ætti á skömmum tíma að vera unnt að bæta launaumsjónarkerfi ríkisins til að greina með réttum hætti launamun kynjanna. BHM hvetur til þess að þessu starfi verði hraðað og býður fram áframhaldandi aðkomu sína að þessari vinnu.

BHM hefur hvatt til þess að áhrif þeirra miklu skerðinga sem orðið hafa á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði verði könnuð og þá sérstaklega hvort þau hafi haft þau áhrif að færri karlar treysti sér til að taka fæðingarorlof.

Grundvallarmarkmið BHM er að konur og karlar standi jöfn að vígi á öllum sviðum, ekki síst hvað varðar menntun, tekjuöflun, starfsval, atvinnutækifæri, starfsframa, starfsréttindi, lífeyrisréttindi og tryggingar.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri.